

Stjórnarfundur STEFs 20. maí 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn þriðjudaginn 20. maí 2025 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bragi Valdimar Skúlason og Halldór Smárásonar. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 20. mars svo og útdráttur úr fundargerðinni lagt fram og samþykkt.
2. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi, mætti á fundinn og kynnti ársreikninginn. Þá var Grímur Helgi Pálsson, fjármálastjóri, einnig viðstaddur þennan dagskrárlið fundarins.

Heildartekjur STEFs voru 1.266.773.046, sem er um 3,4% hækkun, en ekki var hægt að fylgja eftir hækkun síðasta árs sem var 13,8%. Hreinar tekjur hækkuðu um 2,6%. Flutningsréttartekjur innlendar voru 762.957.840 og tekjur frá streymisveitum og eintakagerð 259.365.914, sem er tæplega 10% hækkun. Því miður lækkuðu tekjur erlendis frá nokkuð skarpt, eða um 14% og námu þær 125.969.666. Til hliðsjónar má þó nefna að þessi tekjuliður var undir 100 milljónum á árinu 2022.

Úthlutun STEFs á árinu 2024 nam 1.027.863.512, sem er 27% hækkun frá fyrra ári og er þetta algjört met í úthlutun STEFs og í fyrsta sinn sem úthlutun fer yfir milljarð. Til viðbótar þessu úthlutaði STEF í gegnum sjóði sína styrkjum er námu 89,5 millj. til innlendra rétthafa.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn samþykktur og undirritaður.

3. Ársskýrsla var lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir komu fram.
4. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til 23. apríl lagt fram, auk yfirlits frá 24. apríl til 20. maí.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Samningur Fjölís við LBK.
- b) Kynning á sameiginlegri afstöðu norrænu höfundaréttarsamtakanna á leyfisveitingum vegna gervigreindar.
- c) Fréttatilkynning um gervigreindargerða tónlist – sameiginleg afstaða norrænu höfundaréttarsamtakanna.
- d) Bréf STEFs til Símans dags. 7. apríl 2025.
- e) Skjöl vegna *Tónlistarmiðstöðvar*.

5. Minningarsjóður um látin tónskáld – umræða um stöðu og notkun.

Virðist sem þessi sjóður sé ekki með samþykktu skipulagsskrá, heldur sé einungis hluti af bókhaldi STEFs. Sjóðurinn á nú sérgreint fé á bankareikningi er nemur rúmlega 11 milljónum króna. Síðast var úthlutað úr sjóðnum fyrir u.þ.b. tveimur árum og er það mjög handahófskennt hvenær sótt er um styrki úr sjóðnum en hann hefur aðallega styrkt útfarir stærri rétthafa STEFs skv. beiðnum þar um. Sjóðurinn hefur hvergi verið auglýstur. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að leggja sjóðinn niður og færa það fé sem sjóðurinn á sérgreint yfir á verðbréfasjóð, sem fjármagnar styrkveitingar Ferðasjóðs STEFs. Þannig mun þetta fé efla Ferðasjóð til frekari styrkveitinga.

6. Endurskoðun verklagsreglna stjórnar um styrkveitingar.

Stjórnin hefur á undanförunum fundum rætt nokkuð um styrkveitingar stjórnar. Vill stjórn gjarnan þrengja skilyrði styrkveitinga og taka fyrir styrki vegna útgáfuverkefna, styrkja til sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu og styrkja er tengjast stórafmælum tónhöfunda. Mikilvægt er þó að stjórn geti áfram veitt styrki til að mynda til málsókna, í þeim málum sem um er að ræða mikilvæga hagsmuni fyrir tónhöfunda og að úrlausn þeirra hafi almennt gildi fyrir meðlimi STEFs. Er framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að breytingum á verklagsreglunum, auk þess sem óskað er eftir að fá lista yfir alla veitta styrki stjórnar síðustu ár.

7. Spotify á Íslandi.

Rætt var um markaðsráðandi stöðu Spotify á Íslandi og þjónustu við íslenska tónlistargeirann og neytendur.

8. NMP / Polaris Hub.

Rætt var um samstarf STEFs við NMP og Polaris Hub og var framkvæmdastjóra veitt heimild til samningsgerðar við aðra hugsanlega samstarfsaðila varðandi bakvinnslu streymis.

9. Sjálfsmat stjórnar.

Lagðar voru fram niðurstöður úr árlegu sjálfsmati stjórnar STEFs. Allir stjórnarmenn tóku þátt í sjálfsmatinu, en það er stöðluð könnun sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar. Almennt telja stjórnarmenn að stjórnarstarfið hafi gengið vel og skilað árangri. Lítil breyting er á milli svara milli ára.

10. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Lögð voru fram skjöl um boðun aðalfundar og dagskrá hans, tillögur stjórnar til launa, skoðunarmanna, endurskoðenda, svo og ramma fulltrúaráðs um tiltekin atriði. Þá voru lagðar fram tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum (sem kynntar voru einnig fulltrúaráði í desember sl.) svo og tillögur til breytinga á úthlutunarreglum, sem einnig voru lagðar fram á fulltrúaráðsfundinum í desember, en voru þá ekki afgreiddar þar sem fundurinn var ekki ályktunarbær.

11. Önnur mál.

- a. Tillögur að fundadögum sumar og haust 2025 voru lagaðar fram og dagsetningar ákveðnar fyrir næstu fundi.
- b. Hallur Ingólfsson ræddi áskoranir er fylgja mismunandi kerfum skráninga, hjá RÚV, hjá Hljóðrit.is og hjá STEFi, en þessir gagnagrunnar tala ekki saman. Ljóst er að ákveðinn misskilningur um ISRC kóða hefur ríkt hjá RÚV fram að þessu, en þar er ekki mögulegt að skrá nema einn ISRC kóða fyrir heila plötu, en hvert hljóðrit fær sinn ISRC kóða.

Framkvæmdastjóri upplýsti að eftir samtal við Hall um málið hefði verkefnastjóri hugbúnaðarþróunar STEFs sett sig í samband við hugbúnaðarsérfræðing SFH og ætla þeir að skoða þessi mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.
